

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 1/95
frá 27. janúar 1995**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/94 frá 31. maí 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 586/93 um undanþágu varðandi magn rokgjarnrar sýru í tilteknum vínnum⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1362/94 frá 15. júní 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa³, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1891/94 frá 27. júlí 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁴ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1893/94 frá 27. júlí 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/94 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins⁵, skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 137, 1. 6. 1994, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 150, 16. 6. 1994, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 45.

1. gr.

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar (EB) nr. 1252/94, reglugerðar (EB) nr. 1362/94, reglugerðar (EB) nr. 1891/94 og reglugerðar (EB) nr. 1893/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G.J.L. Avery

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker

Viðauki
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/95

1. viðbæti við bókun 47, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn er breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

1. Í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87):

a) fellur síðasti undirliður á undan aðlögunarliðunum (393 R 3111: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3111/93 frá 10. nóvember 1993, Stjtið. EB nr. L 278, 11. 11. 1993, bls. 48) niður;

b) bætist eftirfarandi undirliður við á undan aðlögunarliðunum:

„- 394 R 1891: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1891/94 frá 27. júlí 1994 (Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 42).“

2. Í 19. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4252/88):

a) fellur síðasti undirliður (393 R 3111: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3111/93 frá 10. nóvember 1993, Stjtið. EB nr. L 278, 11. 11. 1993, bls. 48) niður;

b) bætist eftirfarandi undirliður við:

„- 394 R 1893: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1893/94 frá 27. júlí 1994 (Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 45).“

3. Eftirfarandi aðlögunarliðir bætast við í 22. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89):

„d) Í c-lið 1. mgr. 25. gr.:

- komi í öðrum undirlið „...nafn eða firmanafn átappara...“ í stað „ nafn eða firmanafn innflytjanda“;

- verði þriðji undirliður svohljóðandi:

„- sett í önnur ílát: nafn eða firmanafn sendanda og umdæmis, eða hluta þess, þar sem aðalskrifstofur hans eru;

e) Í c-lið 1. mgr. 26. gr.:

- komi í öðrum undirlið „...nafn eða firmanafn átappara...“ í stað „nafn eða firmanafn innflytjanda“;

- verði þriðji undirliður svohljóðandi:

„- sett í önnur ílát: nafn eða firmanafn sendanda og umdæmis, eða hluta þess, þar sem aðalskrifstofur hans eru;

f) d-liður 1. mgr. 27. gr. verði svohljóðandi:

„d) nafn eða firmanafn sendanda og umdæmis, eða hluta þess, þar sem aðalskrifstofur hans eru;“.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) á undan aðlögunarliðunum:

„- 394 R 1362: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1362/94 frá 15. júní 1994 (Stjtið. EB nr. L 150, 16. 6. 1994, bls. 7).“.

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/92):

„- 394 R 1893: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1893/94 frá 27. júlí 1994 (Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 45).“.

6. Eftirfarandi aðlögun bætist við í 39. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92):

„d) 3. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

„3. Þegar um er að ræða vörur sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á merkimiðanum auk þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. málsgrein:

a) nafn eða firmanafn framleiðanda eða seljanda með staðfestu innan EES, og

b) nafn umdæmis eða hluta þess og í hvaða EES-ríki aðalskrifstofur fyrrnefnds aðila er,

samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr.“.

7. Í 41. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 586/93):

a) bætist eftirfarandi við á undan aðlöguninni:

„ , eins og henni var breytt með:

- 394 R 1252: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/94 frá 31. maí 1994 (Stjtið. EB nr. L 137, 1. 6. 1994, bls. 45).“.

b) bætist eftirfarandi aðlögun við:

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, hvað samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

d-liður 1. gr. gildir ekki.“.

8. Í stað 42. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93) komi eftirfarandi:

„42. 393 R 2238: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93 frá 26. júlí 1993 um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda (Stjtið. EB nr. L 200, 10. 8. 1993, bls. 10), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB nr. L 301, 8. 12. 1993, bls. 29.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) fyrsti undirliður b-liðar 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. gilda ekki;

b) 2. mgr. 5. gr. gildir ekki;

c) önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr. gildir ekki;

d) ii-liður a-liðar 1. mgr. 7. gr. og 5. og 6. mgr. 7. gr. gilda ekki;

e) í fyrsta undirlið c-liðar 1. mgr. 7. gr. komi „- á afritum 1, 2 og 4...“ í stað „- á afritum 1 og 2...“

f) eftirfarandi undirliðir bætast við í i-lið c-liðar í 1. mgr. 8. gr.:

„- þegar um er að ræða skjalið sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 2719/92: viðtakandi eða fulltrúi hans skal afhenda lögbærum yfirvöldum í viðtökuríkinu afrit nr. 4 eða staðfest afrit af því;

- þegar um er að ræða skjalið sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 3649/92: viðtakandi eða fulltrúi hans skal afhenda lögbærum yfirvöldum í viðtökuríkinu staðfest afrit af afriti nr. 2;“.

g) 2., 3. og 5. mgr. 8. gr. gilda ekki;

h) II. bálkur gildir ekki;

i) 2. mgr. 19. gr. gildir ekki;“.

9. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 42. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93):

„42a. 393 R 3111: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3111/93 frá 10. nóvember 1993 um gerð skráa yfir gæðavínkjöra framleidda í tilgreindum héruðum sem um getur 3. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88 (Stjtið. EB nr. L 278, 11. 11. 1993, bls. 48).“

10. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 46. lið (Skrá yfir austurrísk vín):

„47. Skrá yfir opinberar stofnanir og stofnanir sem eru opinberlega viðurkenndar til að veita viðurkenningu fyrir borðvín, gæðavín fth og innflutt vín, og eru landfræðilega tilnefndar (Stjtið. EB nr. C 289, 17. 11. 1990. bls. 3), eins og henni var breytt með skráum sem voru birtar í Stjtið. EB nr. C 339, 22. 12. 1992, bls. 3 og Stjtið. EB nr. C 37, 5. 2. 1994, bls. 3.“